

# Makrill hefur nú verið hlutdeildasettur og 80% aflamarks 2019 úthlutað til bráðabirgða. Nú þarf ekki sérstakt makrílveiðileyfi

28.6.2019

Eins og kunnugt er samþykkt alþingi lög um hlutdeildasetningu makrils nú í lok þinghalds. Sjá lagabreytinguna hér:

[Lög nr. 46/2019 um breytingu á lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum um stjórn fiskveiða \(stjórn veiða á makríl\)](#)

Nú hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið gefið út [reglugerð nr. 605/2019 um veiðar á makríl](#)

Samkvæmt reglugerðinni er leyfilegur heildarafl í makríl 2019 alls 140.240 tonn. Til úthlutunar á grundvelli hlutdeilda eru 127.307 tonn. Þá verða 7.433 tonn boðin á skiptimarkaði síðar og 4.000 tonn verða boðin handfærabátum gegn gjaldi skv. sérstökum reglum (sjá neðar). Þá eru 1.500 tonn framseld til rússneskra skipa skv. tvíhliðasamningi Þjóðanna.

Á grundvelli reglugerðarinnar hefur Fiskistofa í dag úthlutað til bráðabirgða hlutdeildum í makríl og 80% aflamarks 2019 í samræmi við hlutdeildasetninguna.

Öllum hlutdeildum í makríl hefur verið úthlutað á skip á grundvelli veiðireynslu. Sérstaklega er bent er á að nokkur fjöldi skipa sem er ekki með gild veiðileyfi fær hlutdeildir. Í þeim tilvikum er aflamarki ekki úthlutað á skipin. Útgerðir þeirra fá leiðbeiningu frá Fiskistofu um hvaða valkosti þau eiga til að tryggja úthlutun aflamarks á grundvelli hlutdeilda þegar lokaúthlutun aflamarks fer fram.

**Athygli er vakin á að ekki er heimilt að millifæra hlutdeildir eða aflamark í makríl fyrr en endanleg úthlutun hefur farið fram.**

## Andmælaréttur útgerða

Útgerðir eru hvattar til að kynna sér forsendur úthlutunarinnar.

**Frestur til að koma athugasemdum á framfæri við Fiskistofu vegna hennar er til 10. júlí 2019.**

Fiskistofa mun eigi síðar en 10. ágúst 2019 senda útgerðum skipanna tilkynningar um endanlega aflahlutdeild skipa þeirra í makríl.

Hér að neðan má sjá aflastöðulista fyrir makríl þar sem fram kemur 80% úthlunin á hvert skip ásamt flutningi skv. reglugerðinni á ónýttum aflaheimildum úr gamla pottakerfinu á fyrra ári. Þær falla undir dálkinn "Sérstakar úthlutanir". Dálkurinn sem merktur er Fl (= flokkur) vísar til útgerðarflokks skipanna: A = aflamarksskip, K= krókaaflamarksbátur, -12 = strandveiðibátur.

## [Aflastöðulisti makrill 2019](#)

Hér er krækja í gagnlegar upplýsingar fyrir útgerðir um makrill veiðar og veiðiheimildir fram til þessa:

## [Heildarupplýsingar um makrílafla íslenskra skipa, úthlutun og millifærslur 1996 til 2018](#)

### **A- og B-flokkur aflahlutdeilda í makrill**

Aflahlutdeild í makrill skiptist í tvo flokka, A- og B-flokk.

- Í A-flokki er hlutdeild úthlutað á grundvelli veiðireynslu með öðrum veiðarfærum en línu og handfærum.
- Í B-flokki er hlutdeild úthlutað á grundvelli veiðireynslu með línu og handfærum.

### [Listi yfir skiptingu hlutdeilda í makrill og skiptingu skipa í A- og B-flokk](#)

Athygli er vakin á því að aflamark einstakra skipa í makrill finnst þegar farið er í gegnum "Finna skip" á forsíðu vefjarins og valið er "Deilistofnar aflamark" undir "Meiri upplýsingar".

Á næstu dögum er von er á merkingu á síðunni "Um skip" þar sem skipting hvers skips í A- eða B-flokk kemur fram þegar við á.

### **Sérstök úthlutun í makrill til handfærabáta gegn gjaldi**

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur gefið út [reglugerð nr. 606/2019 um ráðstöfun 4.000 lesta af viðbótaraflokkum í makrill](#).

Skv. reglugerðinni er heimilt að úthluta allt að 4.000 tonnum af viðbótaraflokkum í makrill ár hvert til skipa í B-flokki gegn greiðslu gjalds. Úthluta skal allt að 35 tonnum í senn. Eftir 15. september skal úthluta til skipa í A-flokki því sem eftir er gegn greiðslu gjalds.

Athygli er vakin á að eingöngu bátar í B-flokki geta sótt um úthlutun af þessu tagi. Þá er ekki hægt að sækja um úthlutun fyrr en viðkomandi bátur hefur nýtt 80% af því aflamarki sem hann fékk úthlutað á grundvelli hlutdeilda.

Fiskistofa auglýsir síðar nánari útlitun á hvernig staðið verður að þessari viðbótarúthlutun.